



# FORSKÓLI Á TÍMAMÓTUM

Febrúar 2019

## TILRAUNAVERKEFNI

Hugmyndir á breytingu á forskóla við  
Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Eiríkur Stephensen  
Stefán Ómar Jakobsson

# Efnisyfirlit

<b>Forskólakennsla í Hafnarfirði:</b> .....	2
<b>Forskólakennsla í Garðabæ:</b> .....	2
<b>Hugmyndir að blásaraforskóla við TH</b> .....	3
<b>Framkvæmd verkefnis:</b> .....	3
<b>Kostir:</b> .....	3
<b>Kennarar:</b> .....	4
<b>Hópar:</b> .....	4
<b>Húsnæði / stofur:</b> .....	4
<b>Hljóðfærakostur:</b> .....	5
<b>Áætluð hljóðfæra kaup:</b> .....	5
<b>Áætlaður launakostnaður:</b> .....	6
<b>Ávinningur:</b> .....	6

## Forskólakennsla í Hafnarfirði:

Í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar er rekinn svokallaður hefðbundinn forskóli þar sem lögð er áhersla á æfingu í hryn, söng og spilað á smáhljóðfæri (orfhljóðfæri) og blokkflautur. Forskóli er tvö ár og er heildarfjöldi í ár 105 nemendur. Eftir seinna árið í forskóla velja nemendur sér hljóðfæri og er reynt að láta þá nemendur ganga fyrir inn í skólann. Það hefur sýnt sig að foreldrar hafa mikil áhrif á val barna sinna á hvaða hljóðfæri þau velja sem veldur því að valið einskorðast oft við fá og „vinsæl“ hljóðfæri eins og gítar og píanó og litróf tónlistarskólans speglast í því.

## Forskólakennsla í Garðabæ:

Skólustjórnendur fóru í heimsókn í Tónlistarskóla Garðabæjar ásamt deildastjóra forskóla og deildastjóra blásaradeildar og fengu kynningu á nýju forskólakerfi svokölluðum blásaraforskóla sem þau hafa þróað út frá finnskri fyrirmynd. Forskólanemendurnir læra á blásturshljóðfæri í þriggja nemenda hópum og er þetta tveggja ára tilraunaverkefni sem líkur í vor. Ástæðan fyrir þessari aðferð var að blásaradeildir hafa verið á undanhaldi síðustu ár og erfitt að fá nemendur á þessi hljóðfæri. Áður lærðu nemendur á blokkflautu og fannst skólustjórnendum þar það ekki skila þeim árangri sem ætlast var til. Mikil ánægja er með þessa tilraun í Garðabæ. Nemendum sem velja blásturshljóðfæri eftir forskóla hefur fjölgað, sem haft hefur jákvæð áhrif á lúðrasveitir skólans sem og aðrar hljómsveitir s.s. stórsveitir og önnur minni samspil. Það ber að athuga að slíkt forhljóðfæranám einskorðast ekki við blásturshljóðfæri heldur er einnig hægt að útfæra hugmyndina yfir á hvaða hljóðfæri sem er þannig getur fagleg þekking kennara og stjórnenda nýst skólanum og því fjölbreytta starfi hans sem best. Þegar tveggja ára

tilraunatímabili lýkur í Garðabæ með blásaraforám hafa stjórnendur í hyggju að beina þessar aðferð á strengjadeild skólans.

## Hugmyndir að blásaraforskóla við TH

Ljóst er að eitthvað þarf að gera til að efla blásaradeildir í skólanum og þá ekki síst lúðrasveitir sem eru veikbyggðar. Breytt fyrirkomulag á forskóla í Tónlistarskóla Garðabæjar hefur skilað því sem ætlast var til og er því mikill áhugi innan okkar skóla að gera slíkt hið sama. Rætt hefur verið við kennara sem koma til greina í þessu verkefni og hafa þeir sýnt þessu mikinn áhuga.

## Framkvæmd verkefnis:

Allir nemendur á seinna ári forskóla færu á blásturshljóðfæri. Ekki væri gefinn kostur á að velja á hvaða hljóðfæri nemendur lærðu. Kennt yrði í þriggja nemenda hópum tvisvar í viku. Hver nemandi fengi 20 mínútna einkatíma einu sinni í viku og samkenntu 30 mínútur einu sinni í viku. Kennari væri þar með hvern þriggja manna hóp í samtals 90 mínútur á viku.

## Kostir:

Ýmsir kostir er við þetta nám:

- Skemmtilegra nám, strax farin að læra á alvöru hljóðfæri.
- Samspil strax.
- Styrkir gríðarlega allt hljómsveitarstarf skólans til framtíðar litið.
- Frábær kynning fyrir skólann.
- Eykur samstarf kennara.

## Kennarar:

Hópkennsla á hljóðfæri er sérhæfð kennsla og oft á tíðum flóknari en einkatímarnir. Fæstir kennarar blásaradeildar hafa mikla reynslu af þannig fyrirkomulagi og er því hugmyndin að þeir hittist vikulega og efli þar með samstarfið og miðli reynslu til hvers annars. Áhugi er meðal kennara í Tónlistarskóla Garðabæjar að vera í samstarfi við okkur t.d. með námsefnisgerð o.fl.

## Hópar:

Þverflautur	þrír hópar samtals 9 nemendur
Klarínett	þrír hópar samtals 9 nemendur
Saxófónn	einn hópur samtals 3 nemendur
Trompet	þrír hópar samtals 9 nemendur
Horn	einn hópur samtals 3 nemendur
Básúna	þrír hópar samtals 9 nemendur
Barítonhorn	einn hópur samtals 2 nemendur

Samtals 44 nemendur.

## Húsnæði / stofur:

Kennt yrði í grunnskólum bæjarins og húsnæði skólans bæði í Tónkvísl og Strandgötu. Stofuskort þyrfti að leysa og best væri ef hægt væri að auka kennslu í grunnskólum.

## Hljóðfærakostur:

Þar sem fjöldi nemenda í forskóla yrði 44 nemendur þá þarf að bæta í hljóðfærakostinn. Gerð hefur verið þarfa og kostnaðargreining á hljóðfærakosti þessarar hugmyndar.

## Áætluð hljóðfærakaup:

Flautur 9 stk	kr. 106.000	Heildarverð 954.000.-
Klarínnett 3 stk.	Kr. 95.000.-	Heildarverð 285.000.-
Saxófónar 3 stk.	Kr. 155.000.	Heildarverð 465.000.-
Plast trompetar 9.stk	kr. 26.100.-	Heildarverð 242.100.-
Bb Horn 3 stk.	Kr. 150.000	Heildarverð 450.000.
Plastbásúnur 9 stk.	Kr 27.800	Heildarverð 250.200.
Túbur (baritonhorn) 2 stk.	Kr 50.000	Heildarverð 100.000

Samtals fullt heildarverð

Kr. 2.836.300.

Sérstakar þverflautur þarf fyrir svona unga nemendur og kostar hver flauta um 100.000 kr.


6 klarínnett eru til og þarf því einungis að kaupa 3 klarínnett. Hægt er að kaupa plasthljóðfæri eins og trompeta og básúnur sem er svipað að spila á og hljóðfærin úr málm en eru léttari að halda á og töluvert ódýrari.

## Áætlaður launakostnaður:

Áætlað er að launakostnaður verði sem samsvarar rúmlega einni kennslustöðu (c.a. 120%). Þar sem deildarstjóri forskóladeildar hefur ákveðið að minnka starfshlutfall sitt þá er hægt að nýta hluta af þeim mismun í verkefnið. Tímar sem hafa farið í forskóla 2 verða einnig nýttir. Heildarkennsluhlutfall er í kringum 70%. Samkvæmt útreikningum er heildarlaunakostnaður fyrir þennan blásaraforskóla 5.848.956 kr. skólaárið 2019 – 2020.

## Ávinningur:

Ávinningur er að við náum að kynna blásturshljóðfæri fyrir nemendum og efla þannig lúðrasveitir sem og önnur samspil og hljómsveitir skólans. Það færi eftir því hvað nemendur velja sem aðalhljóðfæri eftir forskólann hvort auka þurfi kennslukvóta skólans.

  
Eiríkur G. Stephensen

Eiríkur G. Stephensen skólastjóri

  
Stefán Ómar Jakobsson aðstoðarskólastjóri